



Skólafélag Vesturbyggðar

Nóvember 2014



Inngangur

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar 2014 að unnin yrði skólafélag fyrir sveitarfélagið og var strax hafist handa við hana á nýju ári. Skólafélagið nær yfir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og er unnin skv. lögum um leik- og grunnskóla. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Háskóla Íslands, tók að sér að stýra verkinu og hélt hann fundi með starfsfólki skólanna, nemendum og foreldrum og sveitarstjórnarfólki til að undirbúa stefnumótunina. Samhliða starfaði verkefnisstjórn en fræðslunefnd gegndi því hlutverki. Í henni sátu fram í júní 2014: Gerður Björk Sveinsdóttir formaður, Leifur Ragnar Jónsson, Jóhann Pétur Ágústsson, Hjörtur Sigurðsson og Friðbjörg Matthíasdóttir. Á nýju kjörtímabili skipa fræðslunefnd þau Gerður Björk Sveinsdóttir formaður, Hjörtur Sigurðsson, Guðrún Eggertsdóttir, Þórður Sveinsson og Birna Friðbjört Hannesdóttir Stephensen. Auk þess hefur Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar starfað með hópnum.

Skólar eru hjarta hvers samfélags og íbúar eiga að vera stoltir af því starfi sem þar fer fram. Jafnframt þarf að gera kröfur til þess að skólafélag sé metnaðarfullt, fylgi þróun samfélagsins og nýjum tímum. Gæði skóla skipta máli við val á búsetu. Framúrskarandi skólar veita sveitarfélögum samkeppnisforskot. Vesturbyggð á að reka framúrskarandi skóla. Síðustu ár hefur íbúum fjölgað hratt í Vesturbyggð. Grunnskóli og leikskóli hafa þurft að bregðast við þessum breytingum með fjölgun starfsfólks og stækkun á húsnæði. Einhugur hefur verið í bæjarstjórn um að skólar sveitafélagsins njóti forgangs þegar kemur að fjárhagsáætlunum. Fjármagn til reksturs og viðhalds allra skóla í sveitarfélaginu hefur verið aukið umtalsvert og vinnuástandið og tækjakostur bættur. Mikilvægast er þó að samvinna heimilis og skóla sé góð og foreldrar taki virkan þátt í skólafélagi barna sinna og fylgist vel með því sem þar fer fram. Þannig byggjum við upp metnaðarfullt og gott skólafélag.

Ásthildur Sturludóttir

Efnisyfirlit

- 4 Forgangsverkefni
- 5 Framtíðarsýn
- 6 Grunnþættir nýrrar menntastefnu
- 7 Lykilhæfni
- 8 Uppeldi, nám og kennsla
- 9 Nemendur
- 10 Starfsfólk
- 11 Foreldrar
- 12 Skólaþróun
- 13 Skóli og nærsamfélag
- 14 Aðstaða og aðbúnaður
- 15 Samstarf skóla og skólastiga

Forgangsverkefni

Mikilvægustu verkefni í menntamálum Vesturbyggðar á næstu misserum eru þessi:

- Að bæta starfsaðstæður á leikskólunum, styrkja faglegt starf þeirra og fjölga fagmenntuðu starfsfólki.
- Að efla samstarf allra skólanna við foreldra og styrkja tengsl þeirra við samfélagið.
- Að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum við grunnskólana.
- Að nýta samlegðarmöguleika skólanna með markvissari hætti með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Að bæta samskipti og stuðla að góðum skólabrag. Sérstaklega þarf m.a. að huga að leiðum til að nemendur af ólíkum uppruna myndi sterkari liðsheid.
- Að styrkja samstarf fræðslunefndar og skólanna og efla traust þar á milli.
- Að styrkja tónlistarmenntunina með því að sameina Tónlistarskólann og Grunnskólann og gera tónmennt og söng að föstum lið í skólastarfinu.



Framtíðarsýn

Markmið sveitarfélagsins er að starfrækja skóla í byggðinni sem standast ítrustu gæðakröfur þar sem allir leggjast á eitt um að stuðla að fjölbreyttu, skapandi og metnaðarfullu skólastarfi og sem bestum árangri. Vellíðan barna og starfsfólks skal vera í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, kurteisi, gagnkvæma virðingu, jafnrétti og mannréttindi, samvinnu og lýðræðislega starfshætti.



Grunnþættir nýrrar menntastefnu

Starfsfólk skólanna vinni á næstu misserum markvisst að innleiðingu grunnþátta í nýrri menntastefnu

Leiðir

- Lestur, lestrarþjálfun, læsi og lesskilningur sé í fyrirrúmi í skólastarfinu öllu.
- Starfsfólk skólanna leitar stöðugt leiða til að efla lýðræðisleg vinnubrögð og fræða nemendur um mikilvægi lýðræðislegra starfshátta.
- Nemendur fái fjölmörg tækifæri til að fást við skapandi og heildstæð viðfangsefni.
- Jafnréttis sé gætt í hvívetna. Virðing sé borin fyrir ólíkum uppruna nemenda og litið á ólíkan bakgrunn þeirra sem auðlind í skólastarfinu. Markvissri jafnréttisfræðslu sé fléttað inn í námskrár skólanna.
- Litið er á fjölmenningu sem félagsauð sem er markvisst nýttur í skólastarfinu.
- Sjálfbærni sé leiðarljós í öllu skólastarfi. Virðing og ábyrgðarkennd nemenda fyrir umhverfi sínu er eflað með virkri þátttöku í umhverfisverkefnum.
- Stöðugt sé leitað leiða til að efla heilbrigði og stuðla að velferð nemenda.



Lykilhæfni

Skólarnir í Vesturbyggð setja lykilhæfni, eins og hún er skilgreind í nýrri námskrá, í öndvegi. Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum og aldurshópum eftir því sem þroski og geta leyfir. Auk lykilhæfnimarkmiða í námskrá er lögð rækt við að nemendur tileinki sér vinnusemi og þrautsegju í námi og við úrlausn viðfangsefna.

Leiðir

- Lestur, lestrarþjálfun, læsi og lesskilningur situr fyrir öðrum viðfangsefnum í skólstarfinu.
- Nemendur fá markvissa þjálfun í tjáningu og miðlun, rökræðum og skoðanaskiptum.
- Nemendur fá fjölmörg tækifæri til að beita skapandi og gagnrýninni hugsun. Þeir fá ögrandi og krefjandi viðfangsefni að glíma við.
- Þjálfun í samvinnu er rauður þráður í skólstarfinu. Nemendur læra að vinna með öðrum og taka þátt í ólíkum samstarfsverkefnum.
- Nemendur læra að fást við ólíka miðla, t.d. hljóðritað efni, kvikmyndir, skjásýningar, leiklist og vefsíðugerð.
- Nemendur gera sér áætlanir, setja sér markmið og taka þátt í mati á því hvernig til hefur tekist.
- Lögð er áhersla á að rækta með nemendum vinnusemi og góða ástundun.
- Lögð verði áhersla á að nýta upplýsingatækni í skólahaldi og að skólarnir verði í fremstu röð þar að lútandi.



Uppeldi, nám og kennsla

Í skólunum í Vesturbyggð er byggt á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Kostað er kapps um að skapa öllum nemendum, fötluðum og ófötluðum og nemendum af ólíkum uppruna sem best skilyrði til náms og þroska. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru í fyrirrúmi og félagsleg markmið sett á oddinn. Markvisst er stefnt að því að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og að þeir séu virkir þátttakendur. Lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og starfsvenjur sem skapa festu og öryggi.

Leiðir

- Listsköpun er órjúfanlegur þáttur í daglegu skólastarfi.
- Raungreinakennsla og stærðfræði fá aukið vægi í náminu.
- Tónmenntanámi og söng verði gert hærra undir höfði í skólastarfinu.
- Útikennsla og vettvangsferðir verði fastur liður í skólastarfinu.
- Áhersla er lögð á leiðsagnarmat og að námsmat fléttist með markvissum hætti inn námið.
- Í samskiptum er byggt á áherslum úr hugmyndafræði Uppbyggingar–stefnunnar auk þeirra félagslegu markmiða sem sett eru á oddinn á hverju aldurstigi.
- Valgreinar á unglíngastigi verði eflar verulega og áhugasviðsverkefni gerð að föstum þætti í starfi skólans.
- Hlutur merkingarbærra viðfangsefna verði aukinn. Hér má nefna hagnýt verkefni af ýmsu tagi, starfskynningar, verkefni sem tengjast daglegu lífi og starfi og lífsleikni.
- Átak verði gert í að efla upplýsingatækni og vinnu með ólíka miðla.
- Grunnskólarnir verði í fararbroddi varðandi fjarkennslu á grunnskólastigi.

Nemendur

Í skólunum í Vesturbyggð er áhersla á vellíðan nemenda, góð samskipti, gagnkvæma virðingu og að nemendur taki nokkra ábyrgð á eigin námi eftir því sem þroski þeirra leyfir. Miklu varðar að nemendur hafi sitt að segja um skólastarfið og hlustað sé á raddir þeirra.

Leiðir

- Einfaldar og skýrar reglur sem nemendur taka þátt í að setja.
- Unnið er með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar.
- Námið er skipulagt með fjölbreytni og virkni nemenda að leiðarljósi.
- Nemendur fá fjölmörg sjálfstæð viðfangsefni að glíma við og ljúka.
- Reglulega eru haldnir bekkjar- og rýnifundir með nemendum þar sem sjónarmiða þeirra er leitað og niðurstöður notaðar til að bæta skólastarfið.
- Unnið er markvisst gegn einelti.
- Í skólunum er öflugt forvarnarstarf.



Starfsfólk

Keppikefli er að skólarnir eigi á hverjum tíma að skipa vel menntuðu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki sem setur fagleg sjónarmið á oddinn í starfi sínu. Kostað skal kapps um að búa því sem best starfsskilyrði og gefa því tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið.

Leiðir

- Á næstu árum verði forgangsverkefni að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum.
- Unnið verði að því að jafna kynjahlutfall starfsmanna skólanna meðal annars með því að hvetja karlmenn til að sækja þar um störf.
- Byggt verði á reglulegum starfsmannasamtölum.
- Leitast er við að búa starfsfólki bestu starfsaðstæður og stuðla að vellíðan þeirra í starfi.
- Markvisst þarf að vinna að því að skapa og viðhalda góðum starfsanda og sterkri liðsheild.
- Starfsfólk skólanna eigi reglulega kost á kynnisferðum og heimsóknum í aðra skóla.
- Áram verði haldið að styðja starfsfólk til stöðugar starfsþróunar og endurmenntunar.



Foreldrar

Samvinna við heimili er hornsteinn í starfi skólanna. Velferð barnanna er samstarfsverkefni heimilis og skóla. Efling foreldrasamstarfs á öllum starfsstöðvum skólanna þarf að verða forgangsverkefni á næstu misserum.

Leiðir

- Stefnt er að virku foreldrasamstarfi á öllum starfstöðvum skólanna.
- Foreldrar skulu hafa greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið, m.a. með öflugum heimasíðum, foreldra- og fréttabréfum, foreldraviðtölum, tölvusamskiptum, reglulegum heimsóknum og fundum.
- Haldnir eru reglulegir hugarflugsfundir með foreldrum þar sem hugmynda þeirra um skólastarfið er leitað.
- Foreldrar eru hvattir til að koma sem oftast í skólann og kynna sér starfið og taka beinan þátt í því.
- Markvisst þarf að vinna að því að koma sem best til móts við foreldra barna af erlendum uppruna.



Skólaþróun

Öflugt og stöðugt umbótastarf er aðalmerki góðs skóla. Lögð er áhersla á að þróunarstarf verði fastur liður í starfi skólanna. Sérstaklega verði byggt á hugmyndafræðinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

Leiðir

- Skapa þarf starfsfólki skólanna skilyrði til að vinna að vönduðum skólaþróunarverkefnum.
- Skólanámskrá sé í stöðugri endurskoðun.
- Skólarnir nýti sér fræðilega viðurkenndar aðferðir við innra mat og byggi umbótaáætlanir sínar á þeim.
- Á hverjum tíma séu til umbótaáætlanir þar sem forgangsverkefni eru skilgreind.



Skóli og nærsamfélag

Meginmarkmið skólastarfs er að búa nemendur undir að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Því er áriðandi að skólinn sé í virkum tengslum við umhverfi sitt – náttúru, atvinnulíf og menningu byggðarlagsins. Í skólunum skal leggja sérstaka rækt við að efla þekkingu og skilning nemenda á sögu og umhverfi byggðarinnar; atvinnulífi, mannlífi og náttúru.

Leiðir

- Saga, náttúra, landafræði, mannlíf og menning í byggðinni skipar veglegan sess í námskrá skólanna. Dæmi um viðfangsefni sem lögð er áhersla á: Líf í sjó, fiskveiðar, landbúnaður, útgerð, fiskeldi og fiskvinnsla, ferðaþjónusta, verslunarsaga, Látrabjarg, bjargfuglar, bjargsig, Gísla-Saga, Hrafna-Flóki, Jón úr Vör, Kristján Davíðsson.
- Nemendur vinna mörg verkefni á vettvangi utan veggja skólans, með athugunum, könnunum og viðtölum. Áhersla er á útikennslu, vettvangsferðir, náttúruskoðun og heimsóknir á vinnustaði.
- Nemendur leggja af mörkum til samfélagsins með nýsköpunarverkefnum, átaksverkefnum, þjónustunámi og verkefnum sem tengjast umhverfismennt og sjálfbærni.
- Áhersla verði lögð á að leita samstarfs við fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir um að leggja af mörkum til skólastarfsins.
- Starf skólanna verði gert sýnilegt og áberandi í samfélaginu.
- Starfsnámi verði gert hátt undir höfði.
- Fundnar verði leiðir til að virkja eldri borgara til samstarfs við skólana.

Aðstaða og aðbúnaður

Stefnt skal að því að á næstu árum standist skólahúsnæði og skólaumhverfi þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólahúsnæðis.

Leiðir

- Um leið og skilyrði skapast þarf að reisa nýjan leikskóla á Patreksfirði.
- Stöðugt verði unnið að endurbótum á húsnæði, leiksvæðum og aðbúnaði.
- Námsumhverfi sé vistlegt og hvetjandi og starfsfólk og nemendur eigi þátt í að móta það.
- Tölvukostur þarf að standast samjöfnuð við það fremsta sem gerist á hverjum tíma.
- Tryggja þarf að ítrustu kröfum um öryggismál og aðgengi sé fylgt með reglubundnu eftirliti.
- Umgengi um húsnæði sé til fyrirmyndar.



Samstarf skóla og skólastiga

Miklu varðar að starfsfólk beggja skólastiga vinni vel saman og að samvinnan byggi á forsendum beggja skólastiganna. Tryggja þarf eðlilega samfellu í námi barnanna með það að leiðarljósi og að auðvelda þeim að flytjast milli skólastiga.

Leiðir

- Efla þarf samstarf leik- og grunnskóla.
- Samræmi og samfella sé í skólanámskrám og skóladagatölum leik- og grunnskóla.
- Elstu nemendur grunnskólans fái tækifæri til að vinna að ýmsum þroskandi verkefnum í leikskólanum.



